



# Spurningavagn RHA

Netkönnun um göngugötuna og bíladaga unnið fyrir Akureyrabæ

# Um könnunina


Netkönnun framkvæmd meðal íbúa Akureyrabæjar.

Send á 1000 netföng. 431 svaraði könnuninni að hluta eða í heild sem gerir 43,0 % svarhlutfall.

Gögnin eru vigtuð til að endurspegla betur þýðið þannig að hvert svar frá yngsta hópnun vegur meira en annarra

# Hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til bíladaga sem haldnir eru í júní ár hvert á Akureyri?


	Fjöldi	%
Mjög jákvætt	57	13,7
Frekar jákvætt	95	22,8
Hvorki jákvætt né neikvætt	114	27,3
Frekar neikvætt	99	23,8
Mjög neikvætt	52	12,5
Fjöldi svara	417	100



# Hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til bíladaga sem haldnir eru í júní ár hvert á Akureyri?

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Fjöldi Meðaltal




■ Mjög jákvætt ■ Frekar jákvætt ■ Hvorki jákvætt né neikvætt ■ Frekar neikvætt ■ Mjög neikvætt

# Lokanir á göngugötunni.

Mér líkaði vel þessar breytingar sem gerðar voru í sumar.


	Fjöldi	%
Mjög sammála	215	53,5
Frekar sammála	91	22,6
Hvorki sammála né ósammála	52	12,9
Frekar ósammála	27	6,7
Mjög ósammála	17	4,3
Fjöldi svara	402	100



# Lokanir á göngugötunni.

## Mér líkaði vel þessar breytingar sem gerðar voru í sumar.


\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk



■ Mjög sammála
 ■ Frekar sammála
 ■ Hvorki sammála né ósammála
 ■ Frekar ósammála
 ■ Mjög ósammála


# Ég vil engar takmarkanir á umferð vélknúinna farartækja í Göngugötunni.

	Fjöldi	%
Mjög sammála	27	6,8
Frekar sammála	27	6,9
Hvorki sammála né ósammála	69	17,4
Frekar ósammála	89	22,4
Mjög ósammála	185	46,6
Fjöldi svara	397	100



# Ég vil engar takmarkanir á umferð vélknúinna farartækja í Göngugötunni.


\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk



■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki sammála né ósammála ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála

# Ég myndi vilja lengra tímabil lokunar.


	Fjöldi	%
Mjög sammála	111	27,7
Frekar sammála	60	14,9
Hvorki sammála né ósammála	117	29,2
Frekar ósammála	56	13,9
Mjög ósammála	58	14,4
Fjöldi svara	402	100



# Ég myndi vilja lengra tímabil lokunar.

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk


Fjöldi Meðaltal



■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki sammála né ósammála ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála

# Ég sæki mér síður þjónustu fyrirtækja og stofnana í Göngugötunni ef lokað er fyrir umferð vélknúinna farartækja.


	Fjöldi	%
Mjög sammála	50	12,4
Frekar sammála	32	7,9
Hvorki sammála né ósammála	62	15,6
Frekar ósammála	88	21,9
Mjög ósammála	169	42,2
Fjöldi svara	401	100



# Ég sæki mér síður þjónustu fyrirtækja og stofnana í Göngugötunni ef lokað er fyrir umferð vélknúinna farartækja.

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk


Fjöldi Meðaltal



■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki sammála né ósammála ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála

# Ég vil að göngugatan sé lokuð fyrir umferð vélknúinna farartækja allan ársins hring.


	Fjöldi	%
Mjög sammála	87	21,5
Frekar sammála	43	10,8
Hvorki sammála né ósammála	96	24
Frekar ósammála	64	16
Mjög ósammála	111	27,7
Fjöldi svara	402	100



# Ég vil að göngugatan sé lokuð fyrir umferð vélknúinna farartækja allan ársins hring.

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Fjöldi Meðaltal



■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki sammála né ósammála ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála

# Hvaða fyrirkomulag varðandi umferð vélknúinna farartækja í Göngugötunni myndi þér hugnast best?

Loka fyrir umferð.	Lokuð á sumrin, opin á veturna.
Loka göngugötunni og hætta með stöðumælana niðri í bæ. Heimskasta hugmynd sem bæjarfulltrúi hefur fengið var að taka upp gjaldskyldu niðri í bæ. Ég hef amk dregið úr ferðum niður í bæ út af þessu rugli.	Það sem að Akureyrarbær vill er að fólk fari ekki í miðbæinn, það er hvergi hægt að leggja bíl fyrr en eftir kl.16:00 eftir að fólk sem vinnur í miðbænum er farið heim, og það hvarflar ekki að mér að leggja í stöðumæli á meðan bærinn fækkar bílastæðum endalaust. Og ég segi fyrir mig að ég hef ekki farið í miðbæinn síðan bærinn setti gjaldskyldu þar.
Eingöngu fyrir hreyfihamlaða.	Lokað fyrir umferð allt árið.
Að byrja á að lengja lokunartímabilið t.d. frá maí – sept. og vinna þetta svo hægt og rólega þannig að gatan verði á endanum, lokuð fyrir umferð.	Opið, 15 km hámarkshraði.
Hafa opið virka daga okt og ca til páska.	Lokað yfir sumartímann.
Þetta er svoddan skuggasund þessi göngugata og nánast ekkert grænt í henni og enginn hlýleiki.	Bara loka.
Að göngugata yrði raunveruleg göngugata allt árið um kring.	Lokað yfir sumarmánuðina.
Opið fyrir erindisumferð (t.d. vöruflutninga) fyrir hádegi allt árið. Hugsanlega opið fyrir almenna umferð vor og haust. Lokað almennri umferð a.m.k. frá júníbyrjun til ágústloka. Lokað fyrir öll vélknúin smátæki s.s. rafskútur og rafhjól.	Tel að leigubílar ættu líka að vera undanþegnir banni um keyrslu en finnst nóg að gatan sé lokuð á sumrin.
Lokað þegar eitthvað er um að vera í bænum.	Ótakmörkuð.
Ég er á P merktum bíl en mér fannst ekki nógu skýrt hvort ég mætti keyra göngugötuna í sumar. Það mætti vera skýrara.	Það er í góðu lagi að hafa göngugötuna lokaða á sumrin þegar mikið fólk sækir í bæinn. En ég myndi vilja hafa opið yfir veturna. Það er einhver sjarmi við að keyra göngugötuna.
Æ veit ekki, maður hefur lítið að gera í þennan hálfdauda miðbæ.	Að Göngugatan stæði undir nafni og væri alltaf lokuð fyrir vélknúinni umferð.
Ef þetta á að heita göngugata á ekki að vera umferð um hana.	Að hafa lokað fyrir umferð, en þó opið fyrir handhafa P-stæðiskorta.
Alltaf lokað fyrir umferð annarra en P-merktra og neyðarbíla. Mögulega opið fyrir vöruflutninga á morgnana.	Enga umferð nema fyrir fatlaða.
Best er ef engir bílar eru í Göngugötunni. Þá sæki ég frekar þjónustu í Göngugötuna því umhverfið er mannlega án bíla.	Sama og er.
Eins og var sumarið 2024.	Opið t.d. til kl 14 á daginn.

# Hvaða fyrirkomulag varðandi umferð vélknúinna farartækja í Göngugötunni myndi þér hugnast best?

Lokað frá 09.00 til 19.00.	Fara aftur í það gamla. Enga fj. bíla.
Að göngugatan sé lokað á sumrin þegar það er mikið um fólk og þá sérstaklega börn bíður í miðbænum.	Það má alveg takmarka umferðina um göngugötuna þegar mest er um ferðamenn í bænum eins og þegar fleiri stór skemmtiferðaskip koma og bærinn nánast fyllist af fólki.
Bara alveg sama.	Takmörkuð
Hún var gerð til að vera göngugata. Þess vegna á hún að vera lokað sem mest. Fólk skoðar ekki í glugga verzlana með því að aka um hana. Svo er hún það stutt að það á varla að vera fyrirstaða að leggja bíl nærri, en sjálfsagt að leyfa fötluðum að komast um. Svo er heilsugæslan farin og ekki rök til að nota hvað það snertir.	Lokað á daginn, opið á kvöldin. Þá er verandi þarna með krakka og rúnturinn lifir fyrir ungmennin. Lokun á sumrin gæti hvatt verta til að hafa stóla og borð úti í sól, meira en er gert. Það væri kannski leið til að gera eitthvað fyrir bæði skemmtiferðaskipin OG heimamenn. Ég kem ekki nálægt miðbænum þegar það eru skip, ég vann samt í ferðaþjónustu í 10 ár og elskaði það en þetta er bara of mikið. Ég held að Vamos og fleiri vertar gætu gert bæinn fyrir okkur líka á sumrin.
Lokað allt árið.	Að hafa lokað fyrir bílaumferð á sumrin og þegar mikið stendur til.
Eins og var í sumar.	Þetta er akfær leið í einstefnu og ætti að vera slík allt árið um kring. Umferðarhraði er takmarkaður og slyshætta lítil.
Vandamál er allt of fá bílastæði í bænum. Það þarf að leggja langt frá miðbænum t.d. ef fara þarf til sýslumanns.	Sæki ekki þjónustu ef það er lokað.
Góð bílastæði gjaldfrjáls.	Vélknúin umferð óþörf.
Gott að loka umferð yfir sumartímann.	Lokun kom mjög vel út og mætti hafa lokað yfir lengra tímabil t.d. maí-sept.
Lokað yrði alfarið fyrir umferð almennings.	Lokun maí-september þegar er mest fótganganfi umferð.
Lokað maí til 1. október.	Hafa hana sem minnsta.
Lokað fyrir umferð t.d. á dekurdögum og í jólaösinni.	Hafa opið allt árið fyrir alla umferð!
Eins og það hefur verið.	Lokað á sumrin.
Alltaf opið.	Leyfa umferð á veturna. Það er fólk sem á erfitt með að labba mikið sem leggur þarna en er kannski ekki nógu veikt til að fá fatlaða stæði.
Að hún sé hrein göngugata.	Finnst allt í lagi að loka á ákveðnum tímum, þá þar sem fólksfjöldi í bænum er mestur. En það væri líka hægt að hafa lokað til kl x og opna eftir það.

# Hvaða fyrirkomulag varðandi umferð vélknúinna farartækja í Göngugötunni myndi þér hugnast best?

Aðeins fyrir fatlaða.	Sumarlokun.
Óbreytt.	Það á ekki að vera almenn umferð í „göngugötum“ yfirleitt.
Lokuð gata á sumrin.	Svipað eins og hefur verið á þessu ári.
Eins og því er fyrirkomið núna.	Fer aldrei í miðbæinn, ekkert þangað að sækja... nema ferðamenn.
Leyfa sérstaka umferð s.s. vegna hreyfihamlaðra. Vörulosun og lestun fari fram á ákveðnum tímum.	Fer helst ekki í miðbæinn leiðist að þurfa að borga.
Einungis neyðarakstur og fatlaðir, og banna að leggja nema fatlaðir.	Loka þegar skemmtiferðarskip eru.
Alltaf opið.	Eins og verið hefur.
Fínt að leyfa á veturna.	Blandað eins og það er í dag. Gatan yrði full líflaus á veturna án bílaumferðar. Túristar yrðu líka of einkennandi.
Takmarka bifreiðastöður við fatlaða.	Hef í raun enga skoðun á því. Hef lítið þangað að sækja. Flestar verðslanir horfnar annað en kaffihús og gístaðir teknir við keflinu auk einstakra túristaverzlana.
Liður 1 nema hafa lokað milli 12 og 17.	Sem minnst en þó leyfileg yfir svartasta skammdegið þegar umferð gangandi er lítil / hverfandi.
Frekar skondið að loka fyrir göngugötunni nema fyrir fatlaða en svo kemst maður ekki á bíl gegnum göngugötuna nema koma frá Brekkugötu.	Mér finnst persónulega að það eigi ekki að vera vélknúin ökutæki í göngugötunni.
Loka fyrir alla umferð ökutækja júní og júlí.	Fólk geti fengið aðgangsorð sem þarf á því að halda.
Halda þessu opnu fyrir umferð, það er ekki eins og þessir bílar sem fara þarna um séu að valda einhverjum skaða.	Mér finnst fínt eins og verið hefur.
Fyrir fatlaða auðvitað og takmörkuð umferð fyrir vöruflutninga og að sjálfsögðu alltaf viðbragðsaðila. Í sumar áttu P merktir bílar að komast um, en þá setti Akureyri keðju fyrir götuna. Núna eru fatlaðir reiðir og vilja hafa götuna opna. Ekkert er hugsað til enda lengur í bænum. Og ekki tekið tillit til íbúa, mótmæla íbúa né kannana.	Banna alveg umferð vélknúinna farartækja í göngugötunni. Þar sem heilsugæslan er farin annað og hægt er fyrir hreyfihamlaða að leggja fyrir ofan með aðgengi beint inn þar sem heilsugæslan var og þess vegna hægt að taka lyftuna þaðan og niður í göngugötuna.
Ekkert sérstakt en ég fagna lokun yfir sumartímann að minnsta kosti.	Hafa hana alltaf opna.
	Ég vildi sjá Göngugötuna fulla af lífi og án ökutækja. Það er líklega „útópískt“ að sú verði raunin í nánustu framtíð. Það mætti gera tilraun og lengja lokun fram eftir vetri og sjá hvað gerist. Kannski kviknar líf.

## Hvaða fyrirkomulag varðandi umferð vélknúinna farartækja í Göngugötunni myndi þér hugnast best?

Lokun yfir hásumar en opið yfir veturinn.	Allt í lagi einu sinni og einu sinni eins og ef það er geggjað veður eða það séu skemmtiferðaskip. Það eru nógu fá bílastæði í miðbænum nú þegar. Það þarf að fara að gera eitthvað í þeim málum.
Einungis opið fyrir vöruflutninga og þá sem eiga erfitt með aðgengi (hreyfihamlaða/eldri borgara o.s.frv.).	Sátt við núverandi fyrirkomulag.
Hætta með þetta hálfkák og hafa götuna sem göngugötu.	Enga umferð.
Sumarlokun, páskalokun og um helgar í nóv. og des. - bara hugmynd.	Lengra fram á vetur jafnvel fram yfir jól.
Fyrst af öllu ekki kalla þetta Göngugötu. Sú skilgreining á ekki þegar þetta er vistgata með þeim skilmálum sem vistgötu fylgja.	Að göngugatan sé alla jafna lokuð að undanskildum akstri með aldraða, fatlaða og vörulosun.
Lokað á daginn yfir sumarið en það þarf að passa upp á að hægt sé að koma með vörur og pantanir í fyrirtækin sem þar eru.	Er býsna sáttur við svipað fyrirkomulag og var undanfarna mánuði.
Loka götunni.	Hásumar lokun.
Ágætt eins og þetta er.	Lokað á sumrin og í desember.
Lokuð fyrir ökutæki allan ársins hring, þó með undantekningum um vöruafhendingu að morgni o.s.frv.	Lokað yfir sumartímann.
Loka, eftir að Heilsugæslan fór er engin þörf á að gatan sé opin nema fyrir vöruflutninga.	Hef bara enga skoðun á þessu er bara alveg sama hvernig þetta er nema á sumrin þá á að loka fyrir alla umferð.
Þrengingar og 15 km hámarkshraði.	Í góðu lagi að loka henni.
Skiptir ekki máli, ég fer hvort eð er helst ekki í miðbæinn.	Ágætt eins og í sumar. Mætti vera lengur vegna umferðar farþega skemmtiferðaskipa.
Bara eins og er er fínt.	Ágæt lokun júní, júlí, ágúst.
Tel rétt að gatan sé lokuð þessa 3 mánuði, vegna gífurlegs fjölda ferðamanna sem fylla götuna. Varðandi bílastæðamál þá tel ég að gatan eigi að vera gjaldfrí ca. 20 mín. það eru mikilvægar stofnanir sem fólk þarf að sækja í, það eru ekki allir með app í sínum sínum og þurfa að fara langa leið í vél til að kaupa sér stæði. Sértaflega erfitt fyrir marga eldri borgara.	Ég er ekki mikið á ferðinni þarna en það er svo auðvelt að leggja við Skipagötu og labba 20 metra yfir í Göngugötuna, skil vel með P-merkingar en aðrir eiga að vera alveg nógu hraustir til þess að geta lagt 20 m frá um það bil. Annað er bara dálítið væl :-)
Blönduð eins og hún er oftast.	Hafa lokað allt árið.

# Hvaða fyrirkomulag varðandi umferð vélknúinna farartækja í Göngugötunni myndi þér hugnast best?

Tímabundin lokun á háannatíma ferðapjónustunnar.	Lokuð á sumrin og opin á veturna er gott fyrirkomulag
Bílar eiga ekki heima þarna, þeim er ólöglega lagt heilu sólahringana, þetta er frí geymsla á fallgasta svæði bæjarins. Þetta gerir fólki með börn erfiðara um að komast um, fatlaðir eiga erfiðara með að komast um því annað hvort er bílum ólöglega lagt eða steyptir kubbar settir upp svo bílar geti ekki lagt sem einnig hindrar aðgengi. Leiðinlegt að geta ekki sleppt börnum lausum áhyggjulaus því það er bílaumferð.	Að opið yrði fyrir umferð í einstaka tilfellum og fyrir þá sem þurfa auðveldara aðgengi. Það mætti gera með ýmsum leiðum. Minni umferð eða engin í göngugötunni, mætti svo skapa aukin tækifæri til að bjóða upp á þjónustu eða aðstöðu úti við þannig maður sæki sérstaklega í að setjast þar niður eða til að leyfa börnum að leika.
Mér finnst að göngugatan ætti að vera raunveruleg göngugata og lokuð fyrir bílaumferð.	Nafnið göngugata segir allt sem segja þarf.
Það er í lagi að loka einn og einn dag.	Maí til og með sept.
Sæki þar fátt og skiptir mig ekki máli.	Ánægð eins og er.
Eins og í dag.	Opin gata þar sem gangandi eru forgangi.
Loka þegar bærinn er fullur af fólki. Skemmtiferðaskip.	Mætti alveg vera lokuð fyrir umferð á sumrin.
Einungis lokað þegar viðburðir eru eins t.d. Akureyrarvaka, Verzlunarmannahelgi.	Göngugatan er kölluð göngugatan af ástæðu og það ætti að nýta hana sem slíka fyrir almenning en tryggja þó aðgengi viðbragðsaðila og þeirra sem þurfa P-stæðin.
Mér er alveg sama um allt í göngugötu, fer sjaldan í miðbæinn, út af þessu parkamáli á bílastæðum.	Eins og í sumar.
Ágætt eins og það er.	Alltaf opin. Lokuð á hátíðarhöldum. Banna bifreiðalagningu á næturnar.
Að almennt sé göngugatan lokuð fyrir bílaumferð.	Helst sem minnstar takmarkanir.
Ákveðinn tími fyrir vöruflutninga. Að eldra og hreyfiskert fólk geti fengið P merki hjá bænum eða heilsugæslu þegar tímabundin veikindi eru.	Skiptir mig litlu sem engu máli hvort göngugatan sé opin fyrir umferð eða ekki. Hins vegar er aðstöðumunur varðandi bílastæðamál hvort fólk leiti frekar í þjónustu verzlana í miðbænum eða t.d. á Glerártorgi þar sem næg bílastæði eru og ekkert vesen að greiða í stöðumæli.
Hafa sem mest lokað fyrir vélknúin ökutæki, nema hjá viðbragsaðilum.	Þetta er vistgata. Þarf að kynna fyrir íbúum betur hvað vistgata er.
Lokuð.	Það eru margir sem komast ekki nema með bíl.
Hafa oftast opið.	Leggja niður app-notkun vegna bílastæða og taka upp klukkukerfið aftur. Mætti selja klukkur fyrir hóflegt gjald.
Líkað fyrir umferð frá 9-20.	Hafa hana göngugötu með undantekningu fyrir sjúkrabíla og leigubíla.